

# Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

## Ársreikningur 2023

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins  
kt. 410169-4369  
Stuðlahálsi 2  
110 Reykjavík

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstjóra.....	3
Áritun ríkisendurskoðunar.....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur.....	7
Sjóðstreymi.....	8
Skýringar .....	9

## Skýrsla og áritun forstjóra

Áfengis-og tóbaksverslunin ríkisins (ÁTVR) starfar í samræmi við lög nr. 86/2011 og er í eigu íslenska ríkisins. Markmið laganna er að skilgreina umgjörð um smásölu áfengis og heildsölu tóbaks sem byggist á bætri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð. Að takmarka og stýra aðgengi að áfengi og tóbaki og draga þannig úr skaðlegum áhrifum áfengis- og tóbaksneyslu. Að vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og tóbaks og takmarka framboð á óæskilegum vörum. ÁTVR heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra.

Á árinu 2023 var áfengi selt fyrir 38,2 ma.kr. með virðisaukaskatti. Í lítrum dróst sala áfengis saman um 2% á milli ára. Alls seldust 23.688 þús. lítrar, þar af var bjórsala 18.324 þús. lítrar.

Sala tóbaks nam 9,9 ma.kr. með virðisaukaskatti. ÁTVR innheimtir tóbaksgjald. Gjaldið nam 4.579 m.kr. á árinu 2023 og lækkaði um 117 m.kr. frá árinu á undan. Sala vindlinga í magni dróst saman um 8,8%. Sala vindlinga nam 682 þús kartonum og af vindlum seldust 3.184 þúsund stykki. Selt magn neftóbaks var 10.192 kg. og var samdráttur 13,6% frá fyrra ári.

Viðskiptavinafjöldi Vínbúðanna var 5,2 milljónir sem er 0,5% fleiri viðskiptavinir en árið á undan.

Eignir námu 8.985 m.kr, skuldir voru 1.759 m.kr. og eigið fé nam 7.226 m.kr. í árslok 2023. Greiddur var 500 m.kr. arður í ríkissjóð.

Á árinu fengu 641 starfsmenn greidd laun hjá ÁTVR. Margir eru í hlutastarfi. Ársverk voru 333, sem er fjölgun um 4 ársverk á milli ára.

Unnið var að endurbótum á húsnæði ÁTVR að Stuðlahálsi í Reykjavík og undirbúningi stækunar á Dreifingarmiðstöðinni. Ýmsar endurbætur voru gerðar í Vínbúðunum á Seyðisfirði, Borgarnesi og Vestmannaeyjum. Vínbúðirnar í Búðardal og Hólmavík voru endurnýjaðar frá grunni. Vínbúðin í Vík í Mýrdal flutti í nýtt og glæsilegt húsnæði og hafist var handa við framkvæmdir við nýja vínbúð að Álfabakka í Reykjavík. Einnig var unnið að uppfærslu upplýsingakerfa ÁTVR.

Vegna eldgoss var Vínbúðinni í Grindavík lokað.

Lög um um gjald af áfengi og tóbaki var breytt í upphafi árs þannig að bæði áfengisgjald og tóbaksgjald var hækkað um 7,7%.

Forstjóri ÁTVR staðfestir ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, mars 2024

Undirritað rafrænt

Ivar J. Arndal,  
Forstjóri.

# Áritun Ríkisendurskoðunar

## Til fjármála og efnahagsráðherra

### Álit

Ársreikningur ÁTVR fyrir árið 2023 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu forstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glöggja mynd af fjárhagsstöðu ÁTVR 31. desember 2023, afkomu fyrirtækisins og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður ÁTVR og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

### Ábyrgð forstjóra á ársreikningum

Forstjóri er ábyrgur fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Forstjóri er einnig ábyrgur fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningum. Nægjanleg vissa er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftifarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvara lausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi fyrirtækisins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa forstjóra um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, mars 2024

Guðmundur Björgvin Helgason,  
ríkisendurskoðandi

## Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Rekstrartekjur</b>			
Sala áfengis.....		34.381.787	32.901.857
Sala tóbaks.....		7.978.212	8.136.822
Sala umbúða o.fl.....		<u>121.214</u>	<u>86.601</u>
		<u>42.481.213</u>	<u>41.125.280</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Vörunotkun.....	10	36.011.130	34.951.419
Laun og launatengd gjöld.....	11	3.680.975	3.370.975
Húsnaðiskostnaður.....		858.428	819.095
Sölu- og dreifingarkostnaður.....		234.609	242.395
Stjórnunar- og skrifstofukostnaður.....		570.155	450.783
Annar rekstrarkostnaður.....		53.960	56.980
Afskriftir.....	13	<u>357.256</u>	<u>288.758</u>
		<u>41.766.513</u>	<u>40.180.405</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....		714.700	944.875
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b> .....	12	<u>64.225</u>	<u>(67.527)</u>
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>778.925</u>	<u>877.348</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir.....	4,13	1.813.278	1.804.366
Eignarhlutir í félögum.....	5,14	7.500	7.500
Fastafjármunir samtals		<u>1.820.778</u>	<u>1.811.866</u>
Birgðir.....	6,15	2.738.169	2.919.744
Viðskiptakröfur .....	7,16	1.060.497	1.072.990
Handbært fé.....	8	3.365.697	3.028.163
Veltufjármunir samtals		<u>7.164.363</u>	<u>7.020.897</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>8.985.141</u>	<u>8.832.763</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé.....	17	7.226.300	6.947.375
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>7.226.300</u>	<u>6.947.375</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Lánardrottnar.....	9	986.927	1.144.797
Aðrar skammtímaskuldir.....		771.914	740.591
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.758.841</u>	<u>1.885.388</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>8.985.141</u>	<u>8.832.763</u>
Skuldbindingar.....	18		

## Sjóðstreymi árið 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins.....		778.925	877.348
<i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:</i>			
Afskriftir.....	13	357.256	288.758
Söluhagnaður fastafjármuna.....		<u>(43.396)</u>	<u>(943)</u>
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<b><u>1.092.785</u></b>	<b><u>1.165.163</u></b>
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Birgðir,lækkun ( lækkun).....		181.575	(218.842)
Skammtímakröfur,lækkun (hækkun ).....		12.493	(8.450)
Skammtímaskuldur,(lækkun) hækkun.....		<u>(126.547)</u>	<u>52.200</u>
		<u>67.521</u>	<u>(175.092)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b><u>1.160.306</u></b>	<b><u>990.071</u></b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fasteignir.....	13	(24.947)	(57.797)
Innréttigar og annar búnaður.....	13	<u>(309.829)</u>	<u>(378.784)</u>
Bifreiðar.....	13	<u>(42.558)</u>	<u>(101.690)</u>
Söluverð rekstrarfjármuna.....		<u>54.562</u>	<u>6.523</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		<b><u>(322.772)</u></b>	<b><u>(531.748)</u></b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Arður til ríkissjóðs.....	17	<u>(500.000)</u>	<u>(500.000)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<b><u>(500.000)</u></b>	<b><u>(500.000)</u></b>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		337.534	(41.678)
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>3.028.163</u>	<u>3.069.841</u>
Handbært fé í lok ársins		<b><u>3.365.697</u></b>	<b><u>3.028.163</u></b>

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

- Ársreikningur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglugerð nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

### Skattar

- Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekjuskatta.

### Erlendir gjaldmiðlar og innlendar vísitölur

- Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreknaðar í íslenskar krónur í árslok. Viðskipti í erlendum gjaldeyri á árinu eru umreknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Peningalegar eignir og skuldir sem bundnar eru verðtryggingu eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2024. Breytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

### Rekstrarfjármunir

- Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði. Frá kostnaðarverði eru dregnar reiknaðar afskriftir.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum kostnaði við að koma eignunum á viðeigandi stað og í nothæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshlut af kostnaðarverði miðað við áætlaðan endingartíma og eignarhaldstíma.

### Eignarhlutar í félögum

- Eignarhlutar í félögum eru færðir á nafnverði.

## Skýringar

### Birgðir

6. Birgðir samanstanda af endursöluvörum og rekstravörum. Birgðirnar eru metnar á síðasta innkaupsverði að teknu tilliti til gallaðra og úreltra vara.

### Viðskiptakröfur

7. Greiðslukortakröfur eru færðar meðal viðskiptakrafna. Viðskiptakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

### Handbært fé

8. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir

9. Viðskiptaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

### Vörunotkun

10. Tóbaksgjald er innheimt við sölu tóbaks og er því skilað mánaðarlega til Skattsins. Tóbaksgjaldið er skilgreint sem hluti af kostnaðarverði seldra vara í bókhaldi ÁTVR. Alls námu greiðslur tóbaksgjalds 4.578 m.kr. á árinu 2023.

Sundurliðun vörunotkunar	2023	2022
Vörunotkun, áfengi.....	29.302.998	28.110.627
Vörunotkun, tóbak.....	6.674.450	6.806.659
Vörunotkun, umbúðir.....	33.683	34.133
	<u>36.011.130</u>	<u>34.951.419</u>

### Starfsmannamál

11. Laun og laumatengd gjöld sundurliðast þannig:

Dagvinnulaun.....	2.146.136	1.928.462
Yfirvinna.....	769.397	734.302
Laumatengd gjöld.....	658.284	601.199
Viðbótarframlag til lifeyrissjóðs.....	97.498	100.707
Áfallið reiknað orlof, breyting.....	9.660	6.306
	<u>3.680.975</u>	<u>3.370.975</u>

## Skýringar

Launagjöld hækka um 9,2% milli ára. Reiknuð ársverk á árinu 2023 voru 333, en 329 árið 2022.

Laun og launatengd gjöld vegna forstjóra námu 26,3 m.kr. en voru 23,9 m.kr. árið á undan.

Áunnið orlof starfsmanna er reiknað og fært í ársreikninginn. Það nam 202,5 m.kr. í árslok 2023 en til samanburðar nam skuldbindingin 192,8 m.kr. árið áður.

Skuldbindingar ÁTVR vegna eftirlauna núverandi og fyrrverandi starfsmanna voru gerðar upp á árinu 1999. Skuldbindingar sem falla til árlega eru gerðar upp við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins jafnóðum. Í lögum nr 127/2016 var gerð breyting um aukaframlag til A-deildar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Greiðslur til LSR árið 2023 voru 97,5 m.kr. en 100,7 m.kr. árið 2022.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

12. Sundurliðun fjármunatekna og (fjármagnsgjalda)	2023	2022
Vaxtatekjur.....	301.141	123.992
Þóknar vegna debet- og kreditkorta.....	(167.139)	(161.822)
Fjármagnstekjuskattur.....	(66.142)	(27.146)
Vaxtagjöld.....	(3.634)	(2.551)
	<u>64.225</u>	<u>(67.527)</u>

## Skýringar

### Rekstrarfjármunir

13. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Bifreiðar	Fasteignir	Innréttigar og annar búnaður	Samtals
Stofnverð 1.1.2023.....	380.098	1.416.490	1.755.342	3.551.931
Viðbót á árinu.....	42.558	24.947	309.829	377.334
Selt og niðurlagt á árinu.....	(31.382)	(17.805)	(137.211)	(186.399)
<b>Stofnverð 31.12.2023</b>	<b>391.274</b>	<b>1.423.631</b>	<b>1.927.960</b>	<b>3.742.866</b>
 Afskrifað 1.1.2023.....	180.868	839.287	727.410	1.747.565
Afskrifað á árinu.....	45.957	28.125	267.287	341.369
Selt og niðurlagt á árinu.....	(25.938)	(11.039)	(122.369)	(159.346)
<b>Afskrifað 31.12.2023</b>	<b>200.888</b>	<b>856.373</b>	<b>872.327</b>	<b>1.929.588</b>
 Bókfært verð 31.12.2023	<b>190.386</b>	<b>567.259</b>	<b>1.055.633</b>	<b>1.813.278</b>
 Afskriftarhlutföll.....	12-15%	2-4%	12-20%	

Gjaldfærð afskrift ársins var 341,4 m.kr. En seldar og niðurlagðar eignir námu 27 m.kr., samtals 368,4m.kr.

Fasteignamat og vátryggingamat eigna í árslok greinist þannig:

	Bókfært verð	Fasteignamat	Brunabóamat
Fasteignir og lóðir.....	567.259	3.761.125	4.780.400

### Eignarhlutar í félögum

14. Hlutabréf í Endurvinnslunni hf. eru færð á nafnverði 7.500 þús. kr.

## Skýringar

### Birgðir

15. Birgðir um áramót skiptast í áfengi, tóbak, umbúðir og rekstrarvörur:

	2023	2022
Áfengi.....	2.504.988	2.667.292
Tóbak.....	200.575	222.018
Umbúðir.....	13.323	13.430
Rekstrarvörubirgðir.....	19.282	17.004
	<u>2.738.168</u>	<u>2.919.744</u>

### Viðskiptakröfur

16. Viðskiptakröfur sundurliðast þannig:

Kröfur vegna greiðslukorta.....	965.887	960.369
Aðrar viðskiptakröfur.....	94.610	112.621
	<u>1.060.497</u>	<u>1.072.990</u>

### Eigið fé

17. Yfirlit eiginfjárreikninga:

Óráðstafað  
eigið fé

Eigið fé 1.1. .....	6.947.375
Hagnaður skv. rekstrarreikningi.....	778.925
Arður til ríkissjóðs.....	(500.000)
Eigið fé 31.12.	<u>7.226.300</u>

### Önnur mál

18. Í tengslum við starfsemi ÁTVR voru 43 húsaleigusamningar í gildi í árslok 2023

## Skýringar

### Kennitölur

#### 19. Fimm ára yfirlit

	2023	2022	2021	2020	2019
<b>Rekstur:</b>					
Rekstrartekjur.....	42.481	41.125	45.050	44.904	36.969
Rekstrargjöld.....	(41.409)	(39.892)	(43.001)	(42.706)	(35.619)
Rekstrarhagn. f. afskr.	1.072	1.233	2.049	2.198	1.350
Afskriftir.....	(357)	(289)	(288)	(276)	(246)
Rekstrarhagnaður	715	945	1.761	1.922	1.104
Hreinar fjárm.tekjur.....	64	(68)	(130)	(109)	(48)
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>779</b>	<b>877</b>	<b>1.631</b>	<b>1.813</b>	<b>1.056</b>
<b>Efnahagur:</b>					
Fastafjármunir.....	1.821	1.812	1.568	1.548	1.540
Veltufjármunir.....	7.164	7.021	6.835	5.761	4.705
<b>Eignir alls</b>	<b>8.985</b>	<b>8.833</b>	<b>8.403</b>	<b>7.309</b>	<b>6.246</b>
Eigið fé.....	7.226	6.947	6.570	5.431	4.618
Skammtímaskuldir.....	1.759	1.886	1.833	1.878	1.628
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>8.985</b>	<b>8.833</b>	<b>8.403</b>	<b>7.309</b>	<b>6.246</b>

Helstu kennitölur um afkomu og fjárhagsstöðu fyrirtækisins á síðustu fimm árum:

	2023	2022	2021	2020	2019
Rek.hagn.f.afskr./Tekjur.....	2,5%	3,0%	4,5%	4,5%	4,9%
Veltufjárlutfall.....	4,07	3,72	3,73	3,73	3,07
Eiginfjárlutfall.....	80,4%	78,6%	78,2%	78,2%	74,3%
Arðsemi eigin fjár.....	11,2%	13,3%	30,0%	39,3%	23,2%